

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 4. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald, með síðari breytingum. (531. Mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á afgreiðslufyrirkomulagi á litaðri olíu og hækkun á sektum vegna misnotkunar á henni.*

Það er kerfi sem nú er notað vegna gjaldfrjálsrar olíu er bæði einfalt og skilvirkt og hefur því ótvíræða kosti fram yfir flóknari endurgreiðslukerfi. Sá galli fylgir þó þessu kerfi að erfitt getur verið að fylgjast með notkun litaðrar olíu, hverjir það eru sem hana nýta og til hvaða nota. Mjög skýrt er í lögum um olúgjald og kílómetragjald hverjir það eru sem hafa heimild til nota á litaðri olíu og eru viðurlög í lögunum við misnotkun.

Frumvarp þetta felur í sér tvenns konar breytingar vegna afgreiðslu og misnotkunar á litaðri olíu. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á fyrirkomulagi á afgreiðslu og í öðru lagi eru sektir við misnotkun þyngdar töluvert. Það er mat fjárlagaskrifstofu að þessum breytingum fylgi ekki aukin útgjöld fyrir ríkissjóð en aðeins auknar tekjur. Viðskiptaráð fagnar því enda ekki vanþörf á auknum tekjum fyrir ríkissjóð eins og staðan er í dag.

Viðskiptaráð tekur undir þau sjónarmið að gæta verði að misnotkun og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hana. Ráðið gerir þó athugasemd við þá takmörkun á afgreiðslu sem frumvarpið felur í sér. Með því eru settar skorður við afgreiðslu á litaðri olíu sem áhrif getur haft á hvar slík olía er keypt og verður því að huga að samkeppnissjónarmiðum. Með því að skylda þá aðila sem hafa leyfi til að versla með litaða olíu til að versla með viðskiptakortum getur það leitt af sér stýringu á því hvar þeir versla slíka olíu. Afgreiðslustöðvar olúfyrirtækja eru dreifðar um landið og víðast hvar hafa aðilar val um hvaða fyrirtæki þeir versla við. Með því að skylda upptöku viðskiptakorta er verið að beina aðilum í þá átt að versla við einn aðila eða í það minnsta við færri aðila en áður. Ráðið gerir því athugasemdir við þau samkeppnislegu áhrif sem breyting þessi gæti haft í för með sér.

***Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tillit til ofangreindra athugasemda.***

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands